



Saltsýruþvottur

Við saltsýruþvott skal nota 10 til 15% saltsýru (HCl). Hún fæst með því að blanda sterka saltsýru (konc) með 2 hlutum af vatni. Ávallt skal hella sýrunni í vatnið, en **EKKI** öfugt. Bera skal þessa blöndu á flötinn, þ.a. 1 lítri fari á hvern fermetra, hentugt er að nota plastgarðkönnu til verksins. Þegar sýran hefur legið 5 til 10 mín. á fletinum skal skola hana burt með miklu magni af vatni. Laust gjallið skal sópa eða ryksuga í burtu. Látið steininn þorna vel fyrir málun.

Notið hlífðargleraugu og hlífðarföt þegar unnið er með saltsýru.